



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Umsögn Norðurorku hf. um tillögu til þingsályktunar um úttekt á  
hækkun rafmagnsverðs, 5. mál.**

**Um þingsályktunartillöguna.**

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá ályktunina til umsagnar.

Af hálfu Norðurorku hf. liggur fyrir að dreifikostnaður og söluálagning fyrirtækisins hafa lækkað og það umfram það sem ásættanlegt er.

Hinsvegar hafa aðföng þ.e.a.s. raforka frá framleiðendum sem í þessu tilfelli er fyrst og fremst Landsvirkjun og raforkuflutningur á vegum Landsnets hf. til Akureyrar hækkað og valdið þannig hækkun raforkuverðs hjá viðskiptavinum. Þessi hækkun kemur örlítið misjafnt niður en ekki hafa borist umkvartanir sérstaklega frá rekstraraðilum svo sem brauðgerðarhúsum.

Minnt skal á að samsvarandi hækkun varð á flutningi raforku til Akureyrar og varð gagnvart rafveitum á Faxaflóasvæðinu við stofnun Landsnets hf.

Virðingarfyllst,  
Akureyri, 4. desember 2006.  
Fh. Norðurorku hf.

  
\_\_\_\_\_  
Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.